

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 9. september 2014, kl. 10-12.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Ársæll Guðmundsson, Jón Torfi Jónasson, Guðbjörg Ragnarsdóttir (í fjarveru Svanhildar Ólafsdóttur), Aðalheiður Steingrimsdóttir, Gunnar Gíslason og Sólrún Harðardóttir.

DAGSKRÁ

1. Næsti fagráðsfundur:
 - a. Undirbúningur hans, dagskrá og tímasetning.
 - b. Fulltrúar í fagráði sem ekki eru lengur virkir – viðbrögð.
2. Ráðstefnan Future Teachers – a profession at crossroads
 - a. Hvernig gekk?
 - b. Úrvinnsla
 - c. Uppgjör
 - d. Framhald á vinnu með fyrirlesurum.
3. Skýrslan frá RHA um greiningu á sjóðaumhverfi. Baklandsfundir og úrvinnsla.
4. TALIS - Hvað ætlum við nákvæmlega að gera og hvernig?
5. Forgangsröðun verkefna sem framundan eru.
6. Önnur mál

Sigurjón setti fundinn.

Nú er skipunartími fagráðsins u.þ.b. hálfnaður (skipunartími er til 26. febrúar 2016). Um þessar mundir er rétt að íhuga veturinn og starfið framundan. Þrjú stór verkefni blasa við að verði umræðuefni næsta fagráðsfundar (liðir 2, 3, 4 í dagskrá). Einnig þarf að rifja upp verkþætti frá síðasta vetri.

Aðalheiður sérstaklega boðin velkomin en endanlega var gengið frá tilnefningu hennar í ráðið í sumar.

Fundurinn var haldinn í Námsmatsstofnun þar sem er vinnuástaða starfsmanns. Sólrún bauð fólk velkomið í stofnunina og sagði fagráðsmenn ávallt velkomna.

Rætt var um vinnulag og það að virkja alla fagráðsmenn. Fundarmenn sammála um mikilvægi þess. Með tilkomu starfsmanns gefst betur tækifæri til þess að dreifa verkefnum án þess að missa yfirsýn. Starfsmaður heldur utan um með stýrihópnum. Kjarni starfsins ætti að vera í fagráðinu sjálfu, en vinnuhópar til að vinna á dýptina að ákveðnum málum væru æskilegir.

Aðalheiður talar um að KÍ vilji sjá meiri kraft í fagráðinu. Hún nefnir hugmynd um mini-ráðstefnu sem yrði skipulögð af framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ í samvinnu við fagráðið og þar yrði sérstaklega fjallað um starfsþróun kennara. Á ráðstefnuna væru boðaðir fulltrúar í skólamálaráði KÍ, stjórnir aðildafélaga að KÍ og einnig væri haft samband við

faggreinafélög. Mikilvægt að kynna fyrir þessu fólki starf fagráðs og það sem er efst á baugi varðandi starfsþróun kennara. Aðalheiður verði í sambandi við Sólrúnu um þetta. Stýrihópi list vel á.

Almenn umræða um fagráðið, eðli þess sem samstarfsvettvangs, mikilvægi þess að greina hvar skilur á milli hagsmunaaðila og jafnframt mikilvægi þess að tryggja samráð við bakland út fyrir fagráðið. Jafnframt rifjuð upp markmið fagráðsins. Í því samhengi nefnir GG starf sem unnið var um starfsþróun kennara í Alberta í Kanada og gæti verið okkur ákveðin fyrirmynd: <http://learningourway.ca>

Æskilegt að í fagráðinu gætum við komið okkur niður á sameiginlega stefnu sem við getum verið sammála um og fellur sem best að hvítbók ásamt stefnum hagsmunahópa varðandi símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

1. Fagráðsfundur

Í ljósi umfangs viðfangsefna þótti rétt að halda tvo vinnufundi fagráðs á haustönn.

Fyrri fagráðsfundur var ákveðinn 30. september kl. 10 -13 í menntamálaráðuneyti.

Umræðuefni fundarins:

Starfsáætlun og forgangsröðun verkefna,

Future Teachers - ráðstefnan,

Skýrsla RHA um sjóðaumhverfi í starfsþróun kennara,

TALIS (upphitunarumræða),

Hvítbókin og starfsþróun (einnig upphitun).

Seinni fundurinn var ákveðinn 11. nóvember kl. 10 í menntamálaráðuneyti. Umræðuefni þess fundar yrði TALIS og fleira sem við setjum á dagskrá eftir því sem málum vindur fram.

Hugmynd kom upp um að hafa eins konar stuttan inngang á fundinum sem farið væri yfir markmið með stofnun fagráðs (ASt), hvernig umræða (sem stundum virðist ómarkviss) hefur skilað sér í því að nú séum við að verða tilbúin til að höndla og framkvæma (ÁG) og að lokum væri hægt að setja upp á tímalínu helstu vörður á leið fagráðsins til þessa (SH).

2. Ráðstefnan Future Teachers – a profession at crossroads

Viðbrögð við ráðstefnunni hafa almennt verið jákvæð. Nokkuð hefur verið spurt eftir upptökum og öðru efni. Upptökur eru fyrir nokkru komnar inn á vefinn. Einhverjir nefndu að þeir hefðu viljað flakka meira á milli málstofa.

Efniviður frá ráðstefnunni:

Fyrirlestrar - upptökur

Panelumræða – upptaka

Niðurstöður úr málstofum (hrá gögn og helstu niðurstöður)

Frásagnir af vinnustofum

Viðtöl og greinaskrif

Efni þetta er / verður aðgengilegt á <http://starfsthrounkennara.is/>

Nú þarf fagráðið að taka á þeim hugmyndum sem þarna koma fram og ræða hvort og hvernig við getum nýtt þær í stefnumótun okkar.

Lagt til að stýrihópur ynni með þennan efnivið áfram og kæmi með hugleiðingar inn í fagrád. Fagrád sjálf þarf líka að þæla í og ræða á næsta fundi, hugsanlega í litlum hópum. Síðan yrði stofnaður vinnuhópur um málið til að lenda því endanlega ef þörf verður á.

Fagráðsfulltrúar verði hvattir til að hlusta á erindin fyrir fundinn sérstaklega með starfsþróun í huga.

3. Skýrslan frá RHA um greiningu á sjóðaumhverfi. Baklandsfundir og úrvinnsla.

Fulltrúar í stýrihópi sögðu frá stöðu mála varðandi baklandsfundi. Miðað var við að fólk skilaði a) samantekt frá baklandsfundum og eins b) athugasemdum sem fjalla um æskilegar lagfæringar á skýrslunni, helst í lok vikunnar.

Skýrslan er augljóslega tilefni margra spurninga sem fagráðið þarf að takast á við. Varað við að horfa einvörðungu á sjálfa skýrsluna, heldur ætti hún að geta verið verkfæri við vinnu okkar, t.d. í samhengi við TALIS og þarfagreiningu.

Umræða um skýrsluna verður skipulögð á næsta fundi fagráðs. Efni frá baklandsfundum verður komið fyrir á lokuðu svæði vefsins okkar. Æskilegt væri að ná fram smálegum lagfæringum á skýrslunni vel fyrir fagráðsfund.

4. TALIS

Hvað ætlum við nákvæmlega að gera?

Finna út: Hvað kemur fram í TALIS um starfsþróun?

Velta fyrir okkur: Þurfum við að vita eitthvað meira?

Varðandi úrvinnslu þótti rétt að fagráðið í heild fengi möguleika á að ræða, en þarna þyrfti líka að stofna sérstakan vinnuhóp. Hann gæti starfað með Ragnari Ólafssyni hjá Námsmatsstofnun sem hefur umsjón með TALIS á Íslandi.

5. Forgangsröðun verkefna sem framundan eru.

Spurt út í stöðuna með upplýsingaveitu. Mikilvægt að fá fleiri inn til þess að setja þarna inn efni. Vefurinn enn í eins konar prófun þó að hann sé opinn öllum til skoðunar. Vitað er um ákveðna galla sem þarf að laga. Hugsanlega getur verið formleg opnun á ráðstefnu skólamálaráðs KÍ í haust.

Forgangsröðun og verkefni vetrarins verða til umfjöllunar á fagráðsfundi. Plagg SH um verkefnin framundan sem dreift var á fagráðsfundi í maí, með viðbótum, lagt til grundvallar.

6. Önnur mál

Vísað er til minnispunktanna fremst í þessari greinargerð.

